

**Fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina um viðbrögð stjórnkerfis- og lýðræðisráðs við könnun MMR í apríl 2015 um hug Íslendinga til þess að loka flugbraut 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli.**

Á 17. fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sem fram fór þann 4. maí 2015 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

MMR kannaði hug Íslendinga til þess að loka flugbraut 06/24 (oft nefnd neyðarbraut) á Reykjavíkurlflugvelli. Niðurstöður könnunarinnar voru þær að 78% Íslendinga eru andvíg því að brautinni verði lokað. Sé aðeins horft á íbúa höfuðborgarsvæðisins vilja 74% ekki að brautinni verði lokað. Sé aðeins horft á Reykjavík þá eru 68% íbúa andvíg lokun brautarinnar. Könnunin var unnin af MMR dagana 16. - 21. apríl 2015 og spurt var: „Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að flugbraut 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli, oft nefnd neyðarbraut, verði lokað?“ Úrtakið voru Íslendingar á aldrinum 18 ára og eldri. Svarfjöldi: 1.001 einstaklingur.

Niðurstaða könnunar MMR sýnir að meirihluti þeirra sem tók þátt vill ekki láta loka brautinni.

Því óska Framsókn og flugvallarvinir eftir upplýsingum um það hvort og þá með hvaða hætti stjórnkerfis- og lýðræðisráð ætlar að bregðast við þessari könnun.

Frestað.